# Fréttabréf
## Íslenska bútasaumsfélagsins

Útgefandi Íslenska bútasaumsfélagið, Brúarflöt 5, 210 Garðabær
1. tbl. 11. árgangur 2011

# Blómadúkur eftir Arndísi Einarsdóttur

# STERK OG KRAFTMIKIL

**Ný saumavél frá Pfaff,**

## Smarter C1100

**sterk og kraftmikil**

**vél fyrir bútasaum**

**Verð 199.900 kr.**

PFAFF

# Efnisyfirlit


Efni ..... Bls.
Kæru félagsmenn ..... 3
Aðalfundur ..... 3
Afmælisfagnaður ..... 3
Námskeið og sýnikennsla ..... 4-5
Dagarnir tíu í Perlunni ..... 6-7
Ferðatöskusala ..... 7
Blómadúkur – William Morris ..... 8
Bútós á Blönduósi – Teppi á sambýli ..... 9
Bútasaumshátíð í Birmingham 2010 ..... 10
Bútapest - Vestmannaeyjar ..... 11
Vinahringir ..... 11
Sýning Íslenska bútasaumsfélagsins ..... 12-13
Tækifæriskort í Perlunni ..... 14
Hetjuteppi ..... 15
Hátíðarkvöldverður ..... 15
Hin fullkomna ferðasaumavél ..... 16-17
Australian patchwork & quilting ..... 17
Flöskutappar og Nálapúðar ..... 18
Lög Íslenska bútasaumsfélagsins ..... 19


## „Afmælisfagnaður“

Dönsku bútasaumssamtökin halda upp á 25 ára afmælið sitt með sýningu, vinnustofum og einnig verða verslanir með básа. Afmælishátíðin verður haldin í borginni Óðinsvé dagana 27. til 28. ágúst í sumar. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu þeirra: www.patchwork.dk

**Forsíðumynd**: Forsíðu blaðsins prýðir að þessu sinni dúkur saumaður af Arndísi Einarsdóttur. Stærð 183 x 183 cm. Sjá umfjöllun á bls. 8. Ljósmynd Margrét Óskarsdóttir.


**Útgefandi:** Íslenska bútasaumsfélagið
**Ábyrgðarmaður:** Borghildur Ingvarsdóttir
**Ritnefnd:** Margrét Óskarsdóttir
margreto@lv.is
Þórunn Oddsdóttir
thorunno@lv.is
**Heimilisfang:** Brúarflöt 5, 210 Garðabæ
**Sími:** 565 6657 / 849 8022
**Heimasíða:** www.butasaumur.is
**Fésbókarsíða:** Íslenska bútasaumsfélagið
**Póstfang:** fingurbjorg@gmail.com
**Umbrot og prentun:** Leturprent
**Prófarkarlestur:** Borghildur Ingvarsdóttir
og Valgerður Óskarsdóttir


# Kæru félagsmenn

Senn líður að því að enn eitt starfsár Íslenska bútasaumsfélagsins er á enda. Ég er reglulega spurð að því af mér yngra fólki hvort það sé staðreynd að tíminn líði hraðar eftir því sem maður eldist. Og já, ég verð víst að taka undir það. Fyrir skemmstu var haldinn fyrsti félagsfundur vetrarins og nú er bara komið að aðalfundi. Tíminn líður svo sannarlega.

Það sem mér er efst í huga eftir veturinn er að ég tel að félagsfundir hafi verið fróðlegir og áhugaverðir. Okkur tókst að fá einstaklega lifandi og skemmtilega fyrirlesara sem höfðu af mörgu að miðla. Þeir sem sóttu fundina hafa vonandi allir fengið eitthvað við sitt hæfi á þessum fundum.

Örnámskeiðin voru nýjung. Hugmyndin var góð en það kom í ljós að það þurfti að breyta fyrirkomulaginu á þeim. Við lærum bara af reynslunni. Engu að síður var augljóst að fundargestir kunnu að meta það að fá tækifæri til að læra eitthvað nýtt. Hver veit nema haldið verði áfram með örnámskeiðin næsta vetur.

Sjálf hef ég notið þess að starfa með áhugasömu fólki en af óviðráðanlegum orsökum mun ég ekki gefa kost á mér til formanns aftur næsta vetur. Ég óska Íslenska bútasaumsfélaginu alls hins besta.

*Með bútasaumskveðju, Borghildur Ingvarsdóttir*

# Aðalfundarboð

Dagskrá Aðalfundar Íslenska bútasaumsfélagsins hefst kl. 10:00 í Gerðubergi laugardaginn 14. maí 2011 með heimsókn bútasaumsklúbbs af landsbyggðinni. Aðalfundur félagsins hefst kl. 10:30.

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga um árgjald
5. Skýrslur nefnda
6. Lagabreytingar, enda hafi þær borist stjórn fyrir boðun aðalfundar
7. Kosning formanns
8. Kosning meðstjórnenda
9. Kosning varamanna
10. Kosning tveggja skoðunarmanna
11. Kosning í nefndir
12. Önnur mál
13. Fundi slitið

7. Grein - Lagabreytingar

A: Siðareglur Íslenska bútasaumsfélagsins byggjast á virðingu fyrir vinnu annarra.

B: Þegar verk eftir aðra eru notuð í viðskiptalegum tilgangi verður það að byggjast á leyfi frá viðkomandi og með tilvísun til höfundar og rétthafa. Sé verkið birt á annan hátt (t.d. á sýningu, með endurprentun, í samkeppni eða þess háttar) ber að gefa upplýsingar um mynsturuppskrift, heimild og höfund og rétthafa, sé hann/hún til staðar.

C: Öll ljósritun skal byggjast á virðingu fyrir leyfi/banni höfundar varðandi þannig starfsemi.

7. Grein núverandi laga verði að 8. grein.

# Námskeið og sýnikennsla
## á aðalfundi Íslenska bútasaumsfélagsins, 14. maí 2011

### Ásaumur / "Needle Turn"
Kennari: Íris Jónsdóttir
Kl. 13:00-16:00, verð kr. 4500

**Námskeiðslýsing:** Námskeið í handsaumstækni þar sem saumuð verður blómamynd með tækninni „Needle Turn".

**Þátttakendur hafi meðferðis:** Ljóst bakgrunnsefni, 30 x 30 cm, tvo búta í blómalitum, tvo búta í lauflitum, tvo búta fyrir miðju og nokkra aukabúta fyrir val. Tvinni, skæri, Roxanne-lím og þvott-ekta penna. Kennari kemur með nálar, pappír og annað tilheyrandi. Nánari upplýsingar í síma 694-7551.

### Blómaþæfing
Kennari: Herborg Sigtryggsdóttir
Kl. 13:00-14:30, verð kr. 2500

**Námskeiðslýsing:** Þæfð verða 3-4 blóm í þrívíðu formi. Blóm sem hægt er að nota sem nælu, á tösku, á hárspöng og hárteygjur eða sem skraut á hvað sem er. Unnið er úr merinóull og silkiþráðum.

**Þátttakendur hafi með sér** gamalt handklæði, plastpoka og gott er að hafa svuntu.

**Efniskostnaður** er kr. 1000 sem greiðist til kennara. Nánari upplýsingar í síma 840-2835, netfang: hs@heimsnet.is

### Efni sem hverfur - Óvissublokk
Kennari: Jófríður Benediktsdóttir
Kl. 13:00-14:30, verð kr. 2500

**Námskeiðslýsing:** Unnin er blokk sem er hægt að nota eins og hvert annað efni,



t.d. í tösku, púða, teppi, vasa eða bara sem skraut. Blokkin er unnin úr efnisbútum, ullarkembu, ýmiskonar þráðum og efni sem hverfur (forsvinnings stoff).

**Þátttakendur hafi með sér** saumavél, framlengingarsnúru, tvinna í alls konar litum, skæri og öryggisnælur.

**Efniskostnaður** er kr. 1.500 sem greiðist til kennara. Nánari upplýsingar í síma 862-6414, netfang: jofridur@centrum.is

### Handstunga
Kennari: Borghildur Ingvarsdóttir
Kl. 13:00-16:00, verð kr. 4500

**Námskeiðslýsing:** Kennd verða undirstöðuatriði í handstungu. Til að þátttakendur læri að stinga með jöfnum og reglulegum sporum verður saumuð prufa sem síðan má nota í annað verk.

**Þátttakendur hafi meðferðis:** Ljóst bakgrunnsefni (ekki batik) í samloku (með vatt og bak), quilt nálar (stuttar) í stærð 11 eða 12, fingurbjörg, krít eða vel yddaðan blýant, quilt tvinna í lit að eigin vali, venjulegan tvinna/nál, skæri. Nánari upplýsingar í síma 849-8022.

### Kirkjugluggar
Kennari: Ásta Björnsdóttir
Kl. 13:00-16:00, verð kr. 4500

**Námskeiðslýsing:** Kennt verður að sauma saman í höndum eina einingu af kirkjuglugga (Cathedral Window). Einnig verður sýnt hvernig hægt er að forvinna grunninn í saumavél.

**Þátttakendur hafi meðferðis:** Ljóst, einlitt bakgrunnsefni, 4 stk. 22 x 22 cm (helst lipurt, þvegið, óbleikjað léreft) og 4 búta 8 x 8 cm af efni í öðrum lit, eða smámynstrað. **Annað:** Tvinni í bakgrunnslitnum, skæri og fína nál. Nánari upplýsingar í síma 692-2838.

### Námskeið fyrir nýliða
Kennari: Margrét Ósk Árnadóttir
Kl. 13:00-16:00, verð kr. 4500

**Námskeiðslýsing:** Nemendur læra fyrstu skref í bútasaumi á saumavél: Skurðtækni, grunn í vélsaumi og straujun. Kynntar verða tvær blokkir: níu-reita-blokk og stundaglas. Myndin sýnir 80 x 80 cm dúk.

**Efnisþörf** í hann er 50 cm af grunnlit, 50 cm í stundaglösin og kantinn og 25 cm í níurnar (miðað við 115 cm efnisbreidd).

**Hafa með á námskeiðið:** Saumavél, framlengingarsnúru, skurðarmottu, skurðarhníf, stikur, títuprjóna, sprettuhníf, skæri, tvinna í hlutlausum lit og straujárn og ferðastraubretti ef til er. **Ath.** að saumavélin þarf að vera í góðu lagi eða nýlega yfirfarin. Mikilvægt að nemandi og saumavél séu „góðir vinir". Kennari gefur góðfúslega nánari upplýsingar og svarar spurningum í síma, 551-8619 / 892-8619 og tölvupósti moa2@simnet.is

## Pappírssaumur

Kennari: Lynda Harðardóttir
Kl. 13:00-16:00, verð kr. 4500

**Námskeiðslýsing:** Kennd verða undirstöðuatriði í „Paper Piecing" pappírssaum. Saumuð verður stjarna í þremur litum á ljósum grunni.

**Þátttakendur hafi með sér:** Mottu, stiku, skæri, tvinna og saumavél. Fjögur



mismunandi efni, eitt ljóst og 3 mismunandi dökka.

## Saumavélamotta

Kennari: Svala Stefánsdóttir
Kl. 13:00-16:00, verð kr. 4500

**Námskeiðslýsing:** Motta sem nýtist sem hlíf á saumaborðið, geymsla fyrir smáhlutina sem nauðsynlegir eru við saumaskapinn, og einnig sem taska undir smáhlutina sem gott er að grípa með sér í bútasaumsferðirnar.

**Efnisþörf:** Efni: 55 x 70 cm (fyrir

venjulegar saumavélar er lengdin u.þ.b. 55 cm en vélar með stórum vinnuborðum þurfa breiðari efni, gott er að mæla lengd vélar og vinnuborðs). Það þarf jafn mikið af bakefni og vatt eins og af grunnefninu. U.þ.b. 30 cm af efni í bindingu.

**Þátttakendur hafi með sér:** Tvinna til að stinga grunnefnið og afgang af vatti til að nota í nálapúðann. Skemmtilegt er að vera með skraut, tölur og eitthvað fleira til að skreyta með. Saumavél, skurðarmotta, hnífur, stór stika og framlengingarsnúra. Nánari upplýsingar í síma 863-1414.

## Sýnikennsla kl. 13:00-15:00 Opin öllum og frítt fyrir alla fundargesti

Í sal á efri hæðinni í Gerðubergi munu nokkrar konur úr félaginu vera með sýnikennslu í bútasaumsaðferðum sem henta bæði byrjendum og lengra komnum. Það er kjörið fyrir gesti sýningarinnar að líta við og sjá hvað þessar konur ætla að bjóða upp á. Sýnikennslan verður á nokkrum borðum og hægt að fara á milli og fylgjast með og spyrja spurninga til að fá betri skilning á aðferðunum sem til sýnis verða.

## Námskeiðin verða haldin í Gerðubergi og hefjast kl. 13:00

Fjöldi nemenda á hvert námskeið er 6-10. Félagar í Íslenska bútasaumsfélaginu fá 20% afslátt. **Skráning hjá Borghildi Ingvarsdóttur í síma 849 8022.** Ef nota á saumavél og/eða straujárn er gott að hafa framlengingarsnúru meðferðis. Þátttöku verður að staðfesta með greiðslu fyrir 7. maí. Kennitala félagsins er 541200-3980, banki 537-26-503980.

Athugið að mörg stéttarfélög endurgreiða félagsmönnum hluta námskeiðskostnaðar.

# Dagarnir tíu í Perlunni

Þann 10. september var afmælissýning Íslenska bútasaumsfélagsins formlega opnuð með móttöku í Vetrargarði Perlunnar að viðstöddu fjölmenni. Dagskráin hófst með ræðu formanns afmælisnefndar, Önnu Margrétar Árnadóttur, þar sem gestir voru boðnir velkomnir.

Því næst voru tveir yngstu sýnendurnir heiðraðir sérstaklega; Andrea

*Fulltrúar Ljóssins með gjöfina „Bleik bjartsýni“*

Eiríksdóttir, 7 ára, fyrir verk sitt „Fyrsta teppið“ og Sonja Orradóttir, 12 ára, fyrir verk sitt „Bútasaumsteppi“ en þær fengu, samkvæmt hefðinni bútasaumsefni og blóm. Margrét Árnadóttir var síðan kölluð á svið og henni færðar þakkir fyrir litríkt framlag við undirbúning og framkvæmd sýningarinnar. Næst hélt formaður félagsins, Borghildur Ingvarsdóttir, ræðu og veitti verðlaun í samkeppninni Tækifæriskort. Að lokum var Ljósinu fært teppið „Bleik bjartsýni“ en það var samstarfsverkefni fjölda bútasaumskvenna sem jafnframt létu prenta 500 gjafakort með mynd af verkinu. Allt efni, vinna og prentun var á kostnað bútasaumskvenna, fjölskyldna þeirra og vina.

Það kom ánægjulega á óvart sá mikli fjöldi fólks á öllum aldri sem lagði leið sína í Perluna til að skoða sýninguna alla sýningardagana og ákaflega gaman hversu margir komu aftur og aftur með gesti með sér. Mikill áhugi karlmanna á verkum sýningarinnar vakti athygli og eins hvað þeir voru áhugasamir um að fá verkin keypt. Fjöldi barna kom á sýninguna og athygli þeirra vakti helst hversu verkin voru litskrúðug og að sum verkanna voru saumuð fyrir börn og tvö saumuð af börnum. Félagið rak litla búð í Perlunni sýningardagana. Tilgangur hennar var að styðja fjárhagslega við framkvæmd afmælisárs. Þar voru til sölu vörur félagins og sérsaumaðar Stanleybuddur. Bútasaumskonur gáfu félaginu buddurnar og seldust þær upp. Búðin reyndist bæði arðbær og ágæt fræðslumiðstöð. Lukkumiðar á afmælisteppið seldust afar vel og var vinningshafinn, Díana Þ. Kristjánsdóttir, dregin út í afmælishófi félagsins á Hótel Sögu.

*Fyrsta hetjuteppið orðið til.*

*Hluti af söluvörum félagsins.*

*Dáðst að fallegu handverki.*

*Setustofan.*

*Hvað ætti ég nú að kaupa?*

Tilgangur setustofu og saumastúdíós í Perlunni var að fá fólk til að staldra við, fræðast og njóta sýningarinnar. Í saumastúdíói, þar sem unnið var alla daga við bútasaum, veittist fólki tækifæri til að sjá verk í vinnslu, fræðast og spyrja. Afmælisnefnd ákvað að leggja Hetjuteppaverkefni félagsins lið og nýta saumastúdíóið m.a. í þeim tilgangi og þannig urðu til fjölmörg teppi. Í setustofu sýningarinnar lágu frammi bækur og tímarit um bútasaum ásamt fréttabréfum og myndaalbúmum úr starfi félagsins. Mikið var beðið um upplýsingar og fræðslu um verkin á sýningunni. Fjöldi fólks safnðist að þegar yfirsetufólk gekk um og sagði frá verkum, aðferðum, litavali og tækni eða fræddi um sérstöðu og tilurð einstaka verka. Yfirlýst markmið afmælisnefndar var frá upphafi að sýningin í heild hefði upplýsinga- og fræðslugildi og má því segja að þeim markmiðum hafi verið náð.

Á yfirlitssýninguna „Bút fyrir bút í þrjátíu ár“ völdust 57 verk en auk þeirra var til sýnis áhugaverður bútasaumsfatnaður og smáhlutir sem fengust að láni rétt fyrir opnun sýningarinnar. Sýningin í heild vakti verðskuldaða athygli enda mátti þar sjá fara saman frábært handverk, listfengi og listilegar hand- og vélstungur. Sérstök ánægja var að sýna verk eftir bútasaumskonur á barnsaldri og er vonin sú að verk barna verði fastur liður á sýningum félagsins í framtíðinni.

Afmælisnefnd þakkar sérstaklega þeim sem lánuðu verk á sýninguna „Bút fyrir bút í þrjátíu ár“ og þeim sem sendu inn verk í samkeppnina Tækifæriskort. Einnig fá þakkir allir sem lögðu fram tíma sinn og vinnu við undirbúning og framkvæmd afmælishátíðar í Perlunni. Sérstakar þakkir fá samstarfsaðilar afmælisnefndar; Perlan, IKEA, Pfaff, Eymundsson, Heimilisiðnaðarfélag Íslands, LauraStar umboðið, Sýningarkerfi ehf og Svansprent fyrir góða þjónustu. Afmælisnefndarkonur vilja þakka fjölskyldum sínum fyrir þolinmæði og veittan stuðning.

*Takk fyrir okkur*

*Anna Margrét Árnadóttir*
*Birna Guðmundsdóttir*
*Gróa Friðgeirsdóttir*
*Ragnheiður Björnsdóttir*

*Íslandsveggurinn.*

# Ferðatöskusala

Á aðalfundinum, 14. maí, verður endurvakinn viðburðurinn Ferðatöskusala. Tökum nú til í skápunum, setjum upp bás og seljum efnin, blöðin og hlutina sem við sjáum ekki fram á að nota. Þetta er kjörin leið til að fjármagna kaup á þeim hlutum sem bútasaumsunnanndinn þarf nauðsynlega á að halda.

Básarnir verða opnir frá 13:00 til 17:00 og verða leigðir gegn vægu gjaldi. **Áhugasamir hafi samband við Borghildi Ingvarsdóttur í síma 849 8022 eða sigurpal@simnet.is.**

# Blómadúkur – William Morris

Það var afskaplega fallegur vetrardagur þegar undirrituð fór og heimsótti Arndísi Einarsdóttur í Hvassahraunið, rétt fyrir utan Hafnarfjörð, þar sem hún býr ásamt manni

sínum Róbert og hundinum Guðfinni, kallaður Guffi. Húsið stendur við sjóinn

og þar er mikið líf, fuglar, refir, minkar að ógleymdu þanginu. Arndís er frá Stykkishólmi og sagðist ekki geta hugsað sér að eiga heima þar sem hún sæi ekki sjóinn.

Það var á fundi í vetur hjá Íslenska bútasaumsfélaginu sem Arndís sýndi mjög fallegt verk sem hún var með í smíðum og var gert eftir myndum William Morris (1834-1896). Undirrituð kom að máli við hana og samþykkti hún að mynd af verkinu hennar yrði á forsíðu þessa blaðs.

*Dökkt og ljóst fer vel í Hvassahrauninu.*

Arndís byrjaði í bútasaumnum árið 2005, en þá fór hún á námskeið hjá Guðfinnu í Virku. Fyrstu árin hélt hún sig við hefðbundinn bútasaum, en svo komst hún í kynni við William nokkurn Morris og þá varð ekki aftur snúið. Það var eiginlega ást við fyrstu sýn.

Það er mikil vinna sem liggur að baki í einum svona dúk, því Arndís kappmellar allt í höndunum. Í dúknum á forsíðu blaðsins eru efni með gylltum tónum og ef gyllinguna vantar litar hún efnið með gylltum penna. Það sem vekur athygli er litavalið. Það er engu líkara en að hver litur eigi heima nákvæmlega þar sem hann er í verkinu og hugað er að hverju smáatriði. Sama má segja um svarta teppið. Það teppi fer einkar vel í þessu umhverfi þar sem svört fjaran er svo nálæg. Það er umhugsunarefni fyrir verslanir sem selja efni til bútasaums að vera með nokkuð úrval af efnum sem henta fyrir svona verk.

Arndís sagðist vera að byrja á stóru rúmteppi sem á að vera í hvítum og svörtum litum. Einnig sýndi hún mér lúruteppi sem á að fara í skútuna sem faðir hennar hefur smíðað. Þar sem hún átti ekki munstur af skútum gerði maðurinn hennar sér lítið fyrir og teiknaði myndina af skútunni sem hún notaði síðan í teppið. Nafn skútunnar er saum-

*Nærmynd af borðdúknum.*

að í teppið og notar hún nákvæmlega sama letrið og er á skútunni.

Það var einstaklega ánægjulegt að heimsækja þessi listhneigðu hjón á

*Arndís og skúturnar.*

þeirra fallega heimili og verður gaman að sjá verkin hennar Arndísar sem komin eru af stað í huga hennar, en það er önnur saga.

*Margrét Óskarsdóttir*

# Bútós á Blönduósi – Teppi á sambýli

Mánudaginn 15. nóvember s.l. boðuðu bútasaumskonurnar í Bútós Brynjar Bjarkason, forstöðumann Sambýlisins á Blönduósi, á sinn fund. Tilefnið var að afhenda Brynjari fjögur rúmteppi fyrir íbúa Sambýlisins.

Fyrr á árinu hafði Brynjar samband við félaga í Bútós, sem er félagsskapur nokkurra kvenna frá Blönduósi og Skagaströnd, til að athuga möguleikann á að kaupa teppi af hópnum. Konurnar tóku málin í sínar hendur og í sameiningu saumuðu þær teppin fjögur en Brynjar keypti vattfyllinguna í þau. Notuðu konurnar saumaaðferð þar sem þær blönduðu efnum frá öllum í hópnum saman og saumuðu fram- og bakhliðar þannig. Útkoman var vægast sagt litrík og glaðleg.

Stór þáttur í bútasaumnum er vattstunga teppanna og voru Bútóskonur svo lánsamar að þegar leitað var eftir tilboðum í stungu bauð eitt fyrirtæki stunguna ókeypis. Stjörnuspor, fyrirtæki þeirra Halldóru Þormóðsdóttur og Hrafnhildar Svavarsdóttur, hefur haft það fyrir reglu að gefa á hverju ári vattstungu á svokölluð Hetjuteppi og urðu teppin á Sambýlið á Blönduósi fyrir valinu að þessu sinni. Teppunum fylgdu góðar kveðjur til nýrra eigenda og óska Bútós-konur að þeir njóti vel.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Bútóskonur gefa eitthvað sem þær sauma. Fyrsta gjöfin var veggteppi til Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi á fimmtíu ára afmæli hennar, svo fengu börnin á leikskólanum Barnabæ kúruteppi fyrir hvíldarstundir. Heilsugæslan á Skagaströnd fékk veggteppi á síðasta ári, hetjurnar Matthildur og Halldóra Haraldsdætur í Austurríki fengu rúmteppi í sumar og nú íbúar Sambýlisins rúmteppin fjögur. Nú er bara að bíða og sjá hvað Bútóskonur gera næst.

*Berglind Björnsdóttir*

*Stoltir aðilar að verki. Talið frá vinstri: Anna Margret Valgeirsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Heiðrún Edda Bjarkadóttir, Margret Skúladóttir, Brynjar Bjarkason sem tók á móti verkunum, Berglind Björnsdóttir, Sigríður Hrönn Bjarkadóttir, Þorbjörg Bjarnadóttir, Guðrún S. Pétursdóttir, Sigrún Zophoniasdóttir og Ásthildur Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Margréti Hallbjörnsdóttur. Mynd: Jón Sigurðsson.*

**OAKSHOTTKLÚBBURINN**
nýr bútaklúbbur með einlitum efnum
nánar á www.storkurinn.is

Laugavegi 59, 2. hæð | 101 Reykjavík | Sími 551 8258 | storkurinn@storkurinn.is | www.storkurinn.is

**Ný bútasaumsvél frá JUKI**

**Exceed Quilt & Pro special HZL-F600**
225 sporgerðir
4 leturgerðir

- með klippum, hnéspaða og borðstækkun
- betri spor með "box-feed" hreyfingu flytjara
- líkir eftir handsaumuðum sporum (random stich)
- og margt fleira...

**Ironfly** ferða gufustraujárn
- passar vel í saumatöskuna!

Nánar um vöruúrval á www.bingvarsson.is

**B. INGVARSSON ehf.**
**BÍLDSHÖFÐA 18 - 110 REYKJAVÍK**
**Sími: 588 9977 - bingvarsson@simnet.is**

# Bútasaumshátíð í Birmingham 2010

Frá árinu 2002 hefur vegleg bútasaumshátíð verið haldin árlega í Birmingham. Í tengslum við hátíðina er efnt til samkeppni í nokkrum flokkum og samkvæmt vali dómara fá útvalin verk í hverjum flokki vegleg verðlaun og að auki velja sýningargestir verk sem er verðlaunað. Á hátíðinni gefst tækifæri til að skoða öll innsend verk sem eru bæði fjölbreytileg og misjöfn að gæðum. Á svæðið mætir fjöldi söluaðila vöru og þjónustu svo auðvelt er að gleyma stund og stað og koma heim með ríflegan efnivið í framtíðarverkefni. Tækifæri gefst til þess að bæta við sig þekkingu því gott úrval námskeiða og fyrirlestra er í boði gegn gjaldi.

Í gegnum tíðina hafa Samtök evrópskra bútasaumsfélaga (EQA) átt gott samstarf við forsvarsmenn hátíðarinnar og hafa þau fengið tvo sýningabása til umráða þar sem sýnd eru verk félaga innan samtakanna. Að þessu sinni voru verk sýnd undir heitinu Litadýrð (Colour Connections) og Fjölbreytileiki Evrópu þar sem hvert aðildarland velur eitt verk sem sinn fulltrúa. Að auki stendur börnum aðildarlandanna til boða að taka þátt í samkeppni barna án þess að greiða þátttökugjald.

Árlega er völdum listamönnum boðið að sýna verk sín á hátíðinni og að þessu sinni voru það rússneskir listamenn sem sýndu bæði bútasaumsverk og hönnun fatnaðar. Hátíðargestum gafst einnig tækifæri til að skoða verk evrópskra listamanna í sýningarbásunum „European Art Quilt“ og Evrópskum þríæringi frá Heidelberg.

*Erla Sigurðardóttir*



*Gestir völdu þetta verk besta verk sýningarinnar. 1. verðlaun í flokki smáverka.*

*2. verðlaun í flokki hefðbundinna verka.*

*3. verðlaun í sínum flokki.*

*Hluti af stærra verki.*

**Á vefsíðunni: www.twistedthread.com má finna upplýsingar um dagskrá næstu hátíðar og keppnisreglur.**

# Bútapest - Vestmannaeyjar

Bútapest í Vestmannaeyjum hefur verið starfandi í um 15 ár. Við erum níu sem erum virkar í klúbbnum og hittumst hálfsmánaðarlega þrjá tíma í senn. Það hefur verið farið í nokkrar bústaðaferðir og er þá saumað frá morgni til kvölds hin ýmsu verkefni. Stundum höfum við gert allar eins verkefni eða fengið einhvern til að koma með námskeið til okkar eða bara hver með sitt. Svo höfum við hist eina helgi á ári og saumað tvö hetjuteppi sem við gefum langveikum börnum hér í Vestmannaeyjum og eru allir afar glaðir með sín teppi. Í þessi teppi höfum við reynt að nota upp afgangana okkar en keypt í grunnefnin. Það er náttúrulega saumað frá morgni til kvölds og höfum við borðað saman og haft gaman af þessu. Við höfum brotið aðeins upp klúbbastarfið og gert nokkur óvissuverkefni sem einhver klúbbmeðlimurinn hefur séð um. Fyrir jólin voru t.d hekluð snjókorn í ýmsum myndum.

*Frá vinstri: Edda Björk Hauksdóttir, Erna Alfreðsdóttir, Sigfríð Björgvinsdóttir, Oddný Bára Ólafsdóttir, Sigurlaug Alfreðsdóttir, Hrefna Valdís Guðmundsdóttir og Guðný Björgvinsdóttir.*

*Birgir Reimar Rafnsson og Katrín Helena Magnúsdóttir ánægð með teppin sín.*

*Kveðja frá Búdapest í Eyjum,*
*Sigfríð Björgvinsdóttir*

## Vinahringir – samsýning EQA 2011

European Quilting Association, EQA efnir til samsýningar líkt og undanfarin ár í ágúst. Hvert aðildarland má senda 12 verk og berist fleiri mun sérstök dómnefnd velja verkin sem verða send. Þemað í ár eru hringir og má stærðin vera á bilinu 20-30 cm í þvermál (8“ ). Vinahringirnir eiga að vera svartir og hvítir en dregið var um þriðja litinn sem er fjólublár og má hann aðeins þekja sem svarar 30% af yfirborði verksins. Bak á að vera fjólublátt og frágangur kants er frjáls. Nota má hvaða aðferð sem er, en verkið verður að vera í þremur lögum. Gler eða rammar eru ekki leyfðir. Ekki þarf að setja hanka á verkið en merki sem sýnir hvað á snúa upp er nauðsynlegt og ekki má gleyma að merkja verkið eiganda sínum. Vinsamlega athugið að verk sem eru viðkvæm fyrir hnjaski geta skemmst í flutningi.

Gera má ráð fyrir að eftir sýninguna í Birmingham verði verkin send á milli aðildarlanda. Skilafrestur er til 27. apríl nk. Áhugasamar hafi samband við Erlu Sigurðardóttur, EQA fulltrúa félagsins erla.thimble@gmail.com. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins, vinahringir.


## Flair glæný efnalína frá Guðrúnu Erlu J

**Quiltbúðin** - Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri
Sími 461 2241 - www.quiltbúðin.is

# Sýning Íslenska bútasaumsfélagsins
## í Ráðhúsi Reykjavíkur 14. – 19. september 2010

Í tilefni 10 ára afmælis Íslenska bútasaumsfélagsins ákvað stjórn félagsins að fá samkeppni EQA til sýningar á sama tíma og sýningin „Bút fyrir bút“ stóð yfir í Perlunni. Sam keppni EQA 2010 var að þessu sinni „Color Connections“, voru níu verk frá hverju landi samtakanna og stærðin 40 x 40 cm. Löndin drógu úr níu litum og voru því tvö lönd með sama lit, en Ísland var eina landið sem dró túrkis. Reglur samkeppninnar voru að 90% verkanna áttu að vera í litnum sem landið hafði dregið en 10% mátti vera í öðrum litum. Hvert aðildarland hélt samkeppni í sínu landi og var það einnig gert hér. Í fyrsta sinn frá því að við fórum að taka þátt í samkeppnum EQA bárust fleiri verk en senda átti og var það mjög ánægjulegt. Vonandi eiga þó ennþá fleiri eftir að berast fyrir næstu samkeppni og mun dómnefnd velja verkin sem send verða 2011.

Samkeppnin var fyrst sýnd á Festival of Quilts í Birmingham en Ísland var fyrsta landið sem fékk sýninguna senda eftir þá sýningu. Þar sem 17 lönd eru í samtökunum og hvert land sendi níu verk, voru 153 verk eftir jafnmargar konur sýnd í Ráðhúsi Reykjavíkur þessa daga í september. Sýningin mun svo verða á flakki milli landanna 17 í þrjú ár, áður en verkunum verður skilað til höfunda.

Það er óhætt að segja að mikil ánægja var hjá sýningargestum með sýninguna. Það var afskaplega gaman að sjá svona mörg verk á einum stað og sérstaklega að hafa möguleika á að sjá hvað konur í Evrópu eru að gera. Vonandi á félagið kost á því í framtíðinni að halda aftur EQA sýningu hér á landi.

Ekki hefði verið hægt að halda svona sýningu í Ráðhúsinu nema með góðri hjálp frá félagskonum. Félagið þakkar kærlega þeim konum („Húsóhópnum“) sem tóku að sér yfirsetuna á sýningunni fyrir hjálpina og eiginmönnum sem hjálpuðu við uppsetningu að ógleymdum Evrópufulltrúanum okkar, Erlu Sigurðardóttur. Með útsjónarsemi í uppsetningu og sölu á vörum félagsins meðan á sýningunni stóð, tókst að afla fjár til að borga sendingarkostnað verkanna og húsaleigu á sal. Sýningin var því kostnaðarlaus fyrir félagið sem skiptir miklu máli fyrir svona lítið félag.

*F.h. fráfarandi sýningarnefndar,*
*Guðný Benediktsdóttir*

*Frakkland*

*Luxemborg*

*Spánn*

*Sviss*

*Noregur*

*England*

*Holland*

*Danmörk*

*Írland*

*Austurríki*

*Ísland*

*Finnland*

*Belgía*

*Svíþjóð*

*Ungverjaland*

*Þýskaland*

*Ítalía*



# Tækifæriskort í Perlunni 10.-19. sept. 2011

Í tilefni 10. ára afmælis Íslenska bútasaumsfélagsins var efnt til samkeppni með þemanu Tækifæriskort. Verkin skyldu vera í stærðinni A4 og áttu þátttakendur að túlka hver á sinn hátt kort til að fagna tímamótum.

Þar sem þetta var stórafmæli var ákveðið að bjóða félögum í EQA, Evrópsku bútasaums samtökunum, að taka þátt í samkeppninni. Boð voru send til forsvarsmanna samtakanna sem sáu um að auglýsa samkeppnina í sínu heimalandi.

Skemmst er frá því að segja að þátttakan var góð. Samtals bárust 70 verk frá 49 konum. Frá Íslandi komu 32 verk og auk þess fjögur verk frá íslenskum konum búsettum erlendis. Frá löndum í Evrópu bárust 34 verk frá samtals níu löndum. Hver þátttakandi mátti senda tvö verk í samkeppnina.

Guðný Benediktsdóttir í sýningarnefnd átti veg og vanda að því að halda utan um fyrstu umsóknir og síðan teppin þegar þau bárust. Þetta var gríðarlega mikil vinna þar sem teppin voru svo mörg. Má nefna til dæmis að nöfn erlendu teppanna þurfti að þýða á íslensku til að gæta hlutleysis þegar dómarar dæmdu teppin.

Dómnefnd skipuð Helgu Jónu Þórunnardóttur, Ínu Salóme og Tinnu Gunnarsdóttur völdu vinningsteppi í þeim þremur flokkum sem keppt var í, en dómurunum voru gerð góð skil í 2. tbl. Fréttabréfsins 2010.

*Rósir, Lynda Harðardóttir.*

Teppi Lyndu Harðardóttur sigraði í flokknum Hefðbundin teppi fyrir mynd sína „Rósir". Umsögn dómara var á þessa leið: *Samspil bakgrunns og lituðu formanna gengur vel upp. Dýpt í bakgrunni gefur rósunum kraft. Hver eining er spennandi út af fyrir sig en saman mynda þær góða heild. Litameðferð sýnir kjark en jafnframt hógværð.*

*Segðu það með blómum, Inge Duin.*

Inge Duin frá Hollandi sigraði í flokknum Óhefðbundin teppi fyrir myndina „Segðu það með blómum". Dómarar skrifuðu um það: *Efnisnotkun mjög skemmtileg. Höfundur nær að kalla fram lífræna stemningu með litum, áferð og gagnsæi efnisins. Saumurinn í myndinni skapar fallega náttúruupplifun.*

*Þingvellir,Pála Klein.*

Pála Klein sigraði í flokki Besta handverkið fyrir myndina „Þingvellir". Um hana sögðu dómararnir: *Handverkið er mjög gott frá upphafi til enda. Sýnir fjölbreytni og færni með saumavélina. Frágangur framúrskarandi.*



*Eldgos á Fimmvörðuhálsi, Lára H. Halldórsdóttir.*

Sýningargestir völdu besta teppið að þeirra áliti en það var verk Láru H. Halldórsdóttur, „Eldgos á Fimmvörðuhálsi".

Að lokum má geta þess að ungur og áhugasamur ljósmyndari að nafni Margrét Sigurðardóttir tók myndir af öllum teppum sem bárust í keppnina félaginu að kostnaðarlausu. Voru þessar myndir notaðar til að prenta 16 tækifæriskort sem dómararnir völdu, en þau eru til sölu hjá félaginu.

Myndir af öllum Tækifæriskortum er að finna á heimasíðu félagsins, www.butasaumur.is

*F.h. fráfarandi sýningarnefndar,*
*Borghildur Ingvarsdóttir*

*Lynda Harðardóttir við verk sitt „Rósir" sem vann til verðlauna í flokki hefðbundinna verka*

# Hetjuteppi

Teppi handa Hetju er heiti á verkefni Íslenska bútasaumsfélagsins en tilgangurinn er að gleðja langveik börn og unglinga. Verkefni sem þetta er algengt meðal bútasaumsunnenda um allan heim þar sem teppi eru gefin sjúklingum eða slökkviliði staðarins svo dæmi séu tekin. Félagið hefur verið í samstarfi við Umhyggju stuðningsfélag langveikra barna sem sér um dreifingu teppanna til barnanna.

**Það sem þarf að hafa í huga við gerð Hetjuteppis:**
Teppin eru fyrir börn á aldrinum 0-18 ára.
Stærð á ungbarnateppi skal vera að lágmarki 1 x 1 m, annars frjálst.
Litaval er frjálst en veljið liti og mynstur sem höfða til barna.
Teppið þarf að vera vel saumað og þola tíðan þvott.
Teppið þarf að vera vel stungið hvort sem það er gert í höndum eða vél. Það er að segja, óstunginn flötur má ekki vera stærri en lófi (u.þ.b. 10 cm). Reynslan segir okkur að efnið slitnar fyrr í lítið stungnu teppi.
Merkja skal teppið með nafni klúbbs eða einstaklings og ártali, merkingin þarf að vera varanleg og skýr.
Æskilegt er að hugtakið „Teppi handa hetju" komi fram á merkimiðanum.
Það er í góðu lagi að endurnýta efni svo framarlega að þau séu heil og hrein.
Aðeins er tekið á móti fullunnum Hetjuteppum. Teppin eru öll mynduð og skráð með nafni gefenda.
Skilafrestur er í vikunni fyrir aðalfund hvert ár.

**Nefndin:**
Dagbjört Guðmundsdóttir
Vesturbergi 122 - 111 Reykjavík - s. 567 0064
Borghildur Ingvarsdóttir
Brúarflöt 5 - 210 Garðabæ - s. 565 6657

# Hátíðarkvöldverður í tilefni 10 ára afmælis Íslenska bútasaumsfélagsins

Hressar og glaðar bútasaumskonur komu saman og fögnuðu 10 ára afmælis Íslenska bútasaumsfélagsins á Hótel Sögu þann 18. september 2010.

Eftir viðburðaríka daga við sýningahald í Perlunni og Ráðhúsi Reykjavíkur var kominn tími til að sletta úr klaufunum og gleðjast saman. Konur mættu prúðbúnar með ýmislegt skreytiefni sem þær prýddu borðin sín með.

Nutu þær góðra veitinga, tónlistar og gamanmáls undir traustri stjórn „eiginmanns bútasaumskonu". Afmælisnefnd og fleirum voru færðar gjafir og þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og dregið var í happdrættinu. Vinningur var teppi sem félagar í Sólvallaklúbbnum höfðu saumað og nefndu Emeraldar (innsk.ritstjóra: sjá grein í 2.tbl.2010). Vinningshafi var Díana Þ. Kristjánsdóttir, en þar sem hún var ekki á staðnum veitti dóttir hennar, Björg Aradóttir, teppinu viðtöku sunnudaginn 19. september í Perlunni. Formaður hélt ræðu og í tilefni af 10 ára afmælinu var fyrsti formaður félagsins, Margrét Ósk Árnadóttir, gerð að heiðursfélaga félagsins.

*Sigríður Poulsen*

*Vinningshafinn Díana Þ. Kristjánsdóttir.*

# Hin fullkomna ferðasaumavél

Seint á þriðja áratug síðustu aldar þýddi orðið „saumavél“ Singer fyrir flestar konur. Mörg fyrirtæki voru í samkeppni við Singer en Singer stóð af sér alla samkeppni og réði ríkjum hér í Bandaríkjunum og víða um heim og bókstaflega lagði undir sig saumavélamarkaðinn. Viðskiptavinirnir létu ekki bíða eftir sér. Fótstignu vélarnar voru á leiðinni út og ný rafknúin vél hafði komið fram á sjónarsviðið sem var stjórnað af báðum fótum. Þessi saumavél var lítill fótstiginn „saumahaus“ með aðstoð mótors sem var stjórnað ýmist með öðrum fætinum eða hnénu. Þróun þessara véla lét ekki bíða eftir sér og áður en langt var liðið fóru rafknúnar vélar að ryðja sér rúms á markaðnum.

Þá kemur Standard Sewing Machine Company í Cleveland, Ohio til sögunnar. Þeir framleiddu fyrstu eiginlegu ferðasaumavélina sem þeir kölluðu Sewhandy. Hún var aðeins 12 pund (ritstj. 5.4 kg). Þessi vél var með ýmis konar sérkenni eins og innbyggðan mótor, saumaljós og drif. Sewhandy var hægt að nota á eldhúsborði eða á góðri hillu án þess að hún „labbaði“ um allt. Þeir höfðu undirbúið komuna á Featherweight Model 221 – The Perfect Portable, eða hin fullkomna ferðasaumavél.

Vinkona mín, Wanda, verður sextug 29. janúar nk. og þá verður haldin veisla. Ég kynntist Wanda á stórri bútasaumssýningu í Chantilly i Virginíufylki s.l. vor. Hún stóð þar á sýningarbás ásamt fleirum. Við tókum tal saman sem endaði með því að hún kom með mér heim eftir sýninguna. Við höfum búið saman síðan. Wanda er ekki holdi klædd vinkona heldur saumavél. Hún er af gerðinni Singer Featherweight 221 sem á sínum tíma var bylting í saumavélaframleiðslunni i Bandaríkjunum, en saumavél þessi er fyrsta rafmagns ferðasaumavél sinnar tegundar. Hún er kölluð The Perfect Portable eða hin fullkomna ferðasaumavél.

Um leið og ég keypti Wanda fékk ég mér líka bók sem skrifuð hefur verið um Singer Featherweight 221 og er eftir Nancy Johnson-Srebro. Næstu daga og vikur sat ég og las um sögu þessarar vélar, og áttaði mig þá á því að það að eiga eintak af þessari vél er orðið að nokkurs konar „kúltúr“ í bútasaumsheiminum hér í Bandaríkjunum.

Ég hafði í mörg ár heyrt talað um Featherweight vélina og hvað hún hefði í raun staðist tímans tönn þrátt fyrir allar þær fullkomnu og flóknu, tölvustýrðu vélar með öllum þeim aukasporum og saumum sem þær nú koma með, að þá slær engin vél þessari við hvað varðar einfaldan saumaskap. Ég komst að því við lestur þessarar bókar að eitt eintakið af vélinni er „Centennial“ útgáfa, eða aldarafmæliseintak sem fór á markaðinn til að marka hundrað ára framleiðslu Singer saumavéla. Á þessum vélum er sérstakur skjöldur með bláum kanti þar sem á stendur efst „A Century of Sewing Service“ og neðst „1851-1951“ sem þýðir að vélin er sérstök útgáfa í tilefni af hundrað ára afmæli Singer saumavélaframleiðslu. Nancy Johnson-Srebro segir í bók sinni að mæti einhver með slíkt eintak á saumanámskeið sé það ekki látið fram hjá neinum fara. Þessar vélar voru smíðaðar á tímabilinu 1950-1951, og þar sem hún Wanda mín er fædd 1951 hélt ég auðvitað að hún væri Centennial módel en svo er nú ekki þó svo að hún hafi komið af færibandinu 29. janúar 1951.

Ég hef í gegnum tíðina verslað talsvert á e-Bay og eftir að hafa lesið bókina hennar Nancy fór ég að gamni mínu að athuga hvort Singer Featherweight 221 vélar fengjust þar. Ég fór í rælni að bjóða í vél og vél og á orðið fjórar. Ég eignaðist líka í gegnum e-Bay saumavélaborð sem sérstaklega var smíðað fyrir þessar vélar, borð á stærð við spilaborð og með plötu sem hægt er að taka úr borðinu og fella vélina niður í borðplötuna.

Þegar ég var heima á Íslandi s.l. sumar og hitti klúbbsystur mínar í Sólvallaklúbbnum benti ég þeim á

*Vélin fyrir aftan græna boxið er „Centennial“ eintak.*

að e.t.v. leyndist uppi á háalofti eða í kjallarageymslu svona vél sem ættingi einhverrar þeirra hefði átt og hefði orðið að víkja fyrir nýrri módelum. Fyrirfinnist svona vél hjá einhverri ykkar þá er um að gera að skoða plötuna undir vélinni til að sjá hvenær hún hafi verið framleidd. Til er vefsíða frá Singer saumavélafyrirtækinu þar sem hægt er að slá upp númeri vélanna með því að fara á http://www.singerco.com/support/serial_2letter.html.

Heimild: Nancy Johnson-Srebro, Featherweight 221 – The Perfect Portable and its Stitches Across History, Silver Star, Inc., 55 Saddle Lake Rd., Tunkhannock, PA 18657, dreifingastjóri C&T Publishing, Inc., P.O. Box 1456, Lafayette, CA 94549, sími 800.284.1114, www.ctpub.com.

*Hjördís Gunnarsdóttir*

# AUSTRALIAN PATCHWORK & QUILTING - Áskorun / bókaumfjöllun

Ég varð mjög undrandi þegar ég fékk þá áskorun um að skrifa um mína uppáhalds bútasaumsbók/-blað en gat nú ekki skorast undan því, enda mikil áhugamanneskja um allt það er viðkemur bútasaumi. Það var þó ekki auðvelt fyrir mig að finna mína uppáhalds bók þar sem að ég á nokkur tímaritabox af bókum og blöðum um bútasaum (lesist: heilan helling). Ég hafði þá áráttu áður fyrr að kaupa mér bútasaumsblöð eða bækur, hef eflaust haldið að ég missti af einhverju ef ég eignaðist þær ekki. Ég gantast því stundum með það að ég gæti verið með útlánastarfsemi á bútasaumsblöðum. En þegar ég fékk þessa áskorun tók ég mig til og fór í gegnum það sem var við hendina.

Ég var áskrifandi að áströlsku blöðunum **Patchwork & Quilting** sem Bót.is var með til sölu. Þetta eru mjög skemmtileg blöð með fjölbreyttum verkefnum, góðum leiðbeiningum og áhugaverðum greinum. Þessa stundina er ég með tímaritamöppu við náttborðið með þessum blöðum og fletti þeim og læt mig dreyma áður en ég fer að sofa.

Nokkrar bækur sem ég tek oft fram eru eftir Debbie Caffrey eins og t.d. **Shape Up Your Fat Quarters**. Þar eru einungis notaðir "fattarar" (fat quarters). Leiðbeiningarnar í bókunum hennar eru mjög góðar. Hún sýnir nokkrar útfærslur á teppum en mynstrið er það sama. Ekki er nú verra að hafa farið á námskeið hjá henni en hún og Guðrún Erla héldu námskeið vorið 2004 á Selfossi.

Dönsku bækurnar **Flere patchwork tasker** eftir Lise Szymanski og **Patchwork Bears** eftir Dorthe Jollmann eru einnig mjög góðar og með fjölbreyttu úrvali af verkefnum. Í töskubókinni eru uppskriftir að flottum spariveskjum, gleraugnahulstrum, „tuðrum“, töskum fyrir bútasaumsgræjurnar og snyrtibuddur. Í bangsabókinni eru m.a. uppskriftir að pennaveski, lyklakippu, snyrtibuddu, bakpoka, skiptitösku, nálapúða, púða, te- og kaffihettu, diskamottu, pottaleppum og svuntu. Allar þessar uppskriftir eru með sama bangsaandlitinu.

Ég læt þetta duga um bútasaumsbækurnar að sinni og skora á Sigrúnu Sólmundardóttur á Belgsholti að skrifa um sínar uppáhaldsbækur.

*Með kveðju frá Selfossi,*
*Unnur Ingadóttir*



# Flöskutappar og Nálapúðar

Ef þig langar til að gera litla sæta nálapúða er það ekki mjög flókið. Allt sem þú þarft er gosflöskupappi, filtefni, smávegis tróð til að fylla tappann, útsaumsgarn, smádót, tölur, perlur eða eitthvað þesshättar skraut.

Takið snið af tappanum með því að teikna með litapenna á filtefnið. Klippið út tvö stykki. Síðan er tekið

mál af hliðum tappans og klippt lengja sem er nákvæmlega hringur í kringum tappann. Þá er hafist handa við að sauma í og skreyta stykkin tvö ofan á og undir. Látið hugarflugið ráða för.

Þegar því er lokið er allt sett saman. Ég byrja á að setja hringinn á tappann, síðan festi ég efra stykkið á og sauma með útsaumsspori. Svo þarf að fylla tappann af tróði og festa neðra stykkið við. Að lokum eru hliðarnar skrautsaumaðar og festar á.

*Góða skemmtun, Lovísa Jónsdóttir*

Skemmtileg blokk sem má nota á ýmsan hátt og leika sér með. Á meðfylgjandi mynd var blokkin notuð í púða. Stærð á bútum í púðanum er 2,5“ x 5“ og 2,5“ x 2,5“.

Í púðaborðið þarf þrjá mismunandi liti og skera þarf:

| | |
|---|---|
| Litur 1: | 4 stk. 2,5“ x 5“ |
| Litur 2: | 4 stk. 2,5“ x 5“ |
| Litur 3: | 4 stk. 2,5“ x 5“ |
| (þessa búta má hafa lengri ef vill) | |
| Litur 1: | 4 stk. 2,5“ x 2,5“ |
| Litur 2: | 4 stk. 2,5“ x 2,5“ |

Saumað skv. skýringarmynd 3 búta saman af mismunandi lit. Leggið 2,5“ x 2,5“ bút í tvö horn. Strikið línu á milli horna og saumið eftir henni. Strauja hornin til baka og klippa hornið af ¼“ frá saumfari. Búið til fjórar svona blokkir og saumið þær saman. Hægt er að hafa blokkirnar stærri eða minni. Ef þær eru t.d. 3“ breiðar þarf ferningurinn að vera 3“x3“ til að passa.








# Lög Íslenska bútasaumsfélagsins

**1. grein – Heiti**
Félagið heitir Íslenska bútasaumsfélagið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

**2. grein – Tilgangur**
Tilgangur félagsins er að styrkja áhuga og útbreiða þekkingu á bútasaumi og halda uppi samstarfi milli bútasaumsfélaga og klúbba á Íslandi, ennfremur efla samstarf og vera tengiliður við hliðstæð félög í öðrum löndum. Tilgangi sínum hyggst félagið m.a. ná með útgáfu fréttabréfs, sýningum, samkeppnum, fyrirlestrum og námskeiðum um bútasaum.

**3. grein – Aðild – árgjald**
Félagið er opið öllum einstaklingum, jafnt áhugamönnum sem faglærðum, sem vilja starfa í samræmi við stefnu og markmið félagsins og greiða árgjald sitt til þess. Aðalfundur ákveður hverju sinni upphæð árgjaldsins. Vanræki félagsmaður eitt ár að greiða árgjald sitt til félagsins telst hún/hann ekki lengur félagsmaður.

**4. grein – Aðalfundur**
Stjórnin boðar til aðalfundar fyrir 1. júní ár hvert og er hann lögmætur ef boðað er til hans með 2ja vikna fyrirvara svo sannanlegt sé. Félagsstjórn skal kjörin á aðalfundi, stjórnarmenn skulu vera kosnir til 2ja ára í senn. Þannig að annað árið er kosinn formaður, gjaldkeri, meðstjórnandi og einn varamaður og hitt árið varaformaður, ritari og einn varamaður. Stjórnarmenn geta setið mest í þrjú kjörtímabil eða sex ár. Eigendur verslana og þjónustufyrirtæki á sviðið bútasaums njóta ekki kjörgengis til stjórnar eða annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið.

**Störf aðalfundar eru:**

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga um árgjald
5. Skýrslur nefnda
6. Lagabreytingar, enda hafi þær borist stjórn fyrir boðun aðalfundar
7. Kosning formanns
8. Kosning meðstjórnenda
9. Kosning varamana
10. Kosning tveggja skoðunarmanna
11. Kosning í nefndir
12. Önnur mál
13. Fundi slitið

Reikningsár félagsins miðast við almanaksárið. Við atkvæðagreiðslur ræður einfaldur meirihluti, nema um lagabreytingar, þá þarf tvo þriðju greiddra atkvæða. Kosningar og atkvæðagreiðslur skulu fara fram skriflega sé þess óskað. Aðeins félagar sem staðið hafa í skilum með árgjald til félagsins hafa kosningarétt eða eru kjörgengir á aðalfundi.

**5. grein – Skipun stjórnar**
Stjórn skipa: Formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur og tveir varamenn. Formaður kemur fram fyrir hönd félagsins. Formaður boðar stjórnarfund þegar þurfa þykir. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er á fundi. Stjórnin skiptir með sér störfum. Gjaldkeri félagsins varðveitir og hefur eftirlit með fjárreiðum þess og sér um að bókhald sé haldið í samræmi við lög félagsins. Gjaldkeri innheimtir félagsgjöld og áritar reikninga ásamt formanni. Ritari geymir skjöl og gögn félagsins. Stjórn er heimilt að kalla félagsmenn til samstarfs ef þurfa þykir.

**6. grein – Félagsfundir**
Stjórnin kallar saman félagsfund þegar hún telur þess þörf. Ennfremur er skylt að kalla saman félagsfund ef minnst 10 félagar krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni. Til félagsfundar skal boða með viku fyrirvara. Fundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.

**7. grein – Félagsslit**
Aðalfundur getur slitið félaginu með þremur fjórðu greiddra atkvæða og ráðstafað eignum þess.

*Þannig samþykkt á aðalfundi 25. mars 2009.*




# Samkeppni og vorsýning Íslenska bútasaumsfélagsins 2012 „Strandmenning“

Búið er að velja þema fyrir næstu áskorun Íslenska bútasaumsfélagsins en það er „Strandmenning“. Sýningin verður haldin í Víkinni, Sjóminjasafninu í Reykjavík og er áætlað að opna hana í maí 2012.

Þátttakendur eru hvattir til að leita fanga fyrir viðfangsefni sín í strandmenningu síns héraðs. Hvarvetna má finna merki um áhrif nálægðar hafsins og sjósóknar á menningu okkar, í stóru sem smáu. Með strandmenningu er til dæmis átt við trönur, skreið, fiskhjalla, bryggjur, veiðarfæri og bátalægi. Einnig er átt við net, segl, fiska og sjófugla. Sömuleiðis þurrkaðan saltfisk, signa grásleppu og selveiði. Að ógleymdum sjóhöttum, sjófatnaði og þeim tækjum og tólum sem fólk við sjávarsíðuna notaði til að draga björg í bú. Að lokum má nefna að fjaran og flæðarmál eru líka þættir í strandmenningu.

Þó þáttur karla hafi verið fyrirferðarmeiri við sjálfa sjósóknina, má ekki vanmeta vinnuframlag kvenna við úrvinnslu sjávarafla, sem og flesta aðra vinnu sem fram fór í landi. Konur unnu við að salta og þurrka fisk, safna sölum og sauma fatnað, oft við þröngan kost og erfiðar aðstæður. Allt eru þetta atriði sem hafa má í huga þegar túlka skal hugtakið „strandmenning“.

## Skilmálar:

| | |
|---|---|
| Stærð: | Verkin skulu vera lámark 0.6 fm og hámark 1 fm á stærð |
| Aðferð: | Frjáls |
| Frágangur: | 10 cm slíður fyrir stöng efst |
| Merking: | Neðst í vinstra horni á bakhlið skulu koma fram: nafn höfundar og heiti verks |
| Þátttakendur: | Félagar í Íslenska bútasaumsfélaginu |
| Skráning: | Fyrir 14. febrúar 2012, á sérstöku eyðublaði |
| Skilafrestur: | 14. mars 2012 |
| Verðlaun: | Verðlaun veitt fyrir bestu verkin að mati dómnefndar |
| Fjöldi verka: | Hver þátttakandi má senda inn tvö verk |

- Frjálst er að nýta sér og styðjast við blokkir og mynstur sótt af netinu, úr blöðum og bókum en láta skal þess getið ef teppið er ekki frumsamið.
- Sýningarnefnd áskilur sér rétt til að hafna þeim verkum sem ekki standast kröfur um ofangreind viðmið.
- Nánari upplýsingar og skráningareyðublað er hægt að nálgast á félagsfundum og/eða fá sent frá sýningar- og fræðslunefnd.
- Íslenska bútasaumsfélagið áskilur sér rétt til að nota myndir af innsendum verkum í fjáröflunarskyni.

## Sýningarnefnd:

Sirrý Poulsen, sirryp@gmail.com
Lovísa Jónsdóttir, lovjo@internet.is
Ragnheiður Björnsdóttir, ragnheib@raunvis.hi.is